



**43. fundur Heimastjórnar Djúpavogs  
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 9. nóvember 2023  
og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Guðný Lára Guðrúnardóttir formaður, Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður og Gauti Jóhannesson fulltrúi sveitarstjóra.

**Fundargerð ritaði:** Gauti Jóhannesson, fulltrúi sveitarstjóra

**Dagskrá:**

**1. 202108056 - Hamarsvirkjun**

Fulltrúar Náttúruverndarsamtaka Austurlands sátu fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir starfsemi samtakanna og ræddu fyrirhuguð áform um Hamarsvirkjun.

Heimastjórn þakkar fyrir greinargóða og upplýsandi kynningu.

Lagt fram til kynningar.

**Gestir**

Stefán Skafti Steinólfsson - 10:05

Guðrún Óskarsdóttir - 10:05

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir - 10:05

**2. 202203219 - Cittaslow**

Fyrir fundinum láu fundargerðir samráðshóps um Cittaslow.

Lagt fram til kynningar.

**3. 202209190 - Verndarsvæði í byggð, Djúpivogur**

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á Verndarsvæði við veginn á Djúpavogi sem umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkti á fundi sínum 30. október sl.

Heimastjórn á Djúpavogi gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu.

Samþykkt samhljóða.

**4. 202202045 - Íbúafundur Heimastjórnar Djúpavogs.**

Fyrir fundinum lá samantekt um ábendingar og spurningar sem fram komu á íbúafundi sem haldinn var 7. nóvember.



Heimastjórn lýsir yfir ánægju sinni með góðan fund og mætingu, þakkar íbúum fyrir komuna og góðar umræður. Starfsmanni falið að fara yfir framkomnar athugasemdir og vísa þeim áfram þar sem það á við og gera grein fyrir niðurstöðum á næsta fundi heimastjórnar.

Samþykkt samhljóða.

**5. 202105265 - Málefni Ríkarðshúss á Djúpavogi.**

Fyrir fundinum lágu fundargerðir stjórnar Ríkarðshúss.

Lagt fram til kynningar.

**6. 202209131 - Staða verkefna á umhverfis- og framkvæmdasviði**

Lagt fram til kynningar.

**7. 202311029 - Framnes - heimreið**

Fyrir fundinum lá erindi frá Írisi Birgisdóttur varðandi umferðaröryggi og heimreið við Framnes.

Heimastjórn tekur undir áhyggjur ábúanda á Framnesi varðandi umferðaröryggi í tengslum við heimreiðina að bænum og felur starfsmanni að fylgja erindinu eftir í samráði við ábúanda.

Samþykkt samhljóða.

**8. 202101012 - Snjóhreinsun á Öxi**

Fyrir fundinum lá svar frá svæðisstjóra Vegagerðarinnar varðandi snjóhreinsun á Öxi. Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Sveinn Sveinsson svæðisstjóri sátu fundinn undir þessum lið og svöruðu spurningum fulltrúa í heimastjórn.

Heimastjórn þakkar fulltrúum Vegagerðarinnar fyrir góðan og málefnalegan fund. Gert er ráð fyrir að hönnun á nýjum Axarvegi ljúki í byrjun næsta árs og hægt væri að bjóða hann út þá að því gefnu að fjármagn sé tryggt. Vegagerðin er ekki tilbúin að leggja til að Öxi verði tekin af G-reglunni en mun áfram þjónusta veginn fram til 5. janúar, líkt og heimild er fyrir og jafnvel lengur ef aðstæður leyfa.

Heimastjórn mun senda samantekt um áherslur sem settar voru fram á fundinum til Vegagerðarinnar og fylgja málinu eftir.

Samþykkt samhljóða

**Gestir**

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar - 11:00

Sveinn Sveinsson - 11:00



**9. 202010012 - Kosning fulltrúa í embætti, stjórnir og nefndir**

Björn Ingimarsson sveitarstjóri sat fundinn undir þessum lið. Farið var yfir með hvaða hætti ráðið verður í stöðu fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi. Starfið verður auglýst og fór sveitarstjóri yfir drög að auglýsingu á fundinum. Heimastjórn gerir ekki athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

**Gestir**

Björn Ingimarsson - 11:45

**10. 202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi**

Leikkastali: Framkvæmdum við uppsetningu á leikkastala í Blánni er lokið.

Björgunarmiðstöð á Djúpavogi: Sveitarstjóri og fulltrúi sveitarstjóra á Djúpavogi hafa fundað með viðbragðsaðilum. Málið er áfram í vinnslu.

Faktorshúsið: Sveitarstjóri og fulltrúi sveitarstjóra hafa fundað með fulltrúum Goðaborgar ehf. Málið er í vinnslu en engar ákvarðanir hafa verið teknar um framhaldið.

Hundasvæði á Djúpavogi: Fulltrúi sveitarstjóra hefur fundað með fulltrúa hundaeigenda á Djúpavogi og unnin hefur verið kostnaðaráætlun vegna verksins. Málið er áfram í vinnslu.

Salernisaðstaða við Kjörbúðina: Áfram er unnið að málinu í samráði við forsvarsmenn verslunarinnar. Vonast er til að niðurstaða liggi fyrir fljótlega.

Ljósleiðari: Framkvæmdum við lagningu 3ja fasa rafmagns frá Núpi að Kelduskógum og ljósleiðara frá Hamraborg inn að Kelduskógum hefur verið hætt í bili. Áfram verður haldið með verkið þegar fer að vora.

Hitaveituframkvæmdir: Undirbúningur er hafinn vegna borunar eftir heitu vatni innan við Djúpavog. Boranir hefjast í desember.

Sjálfsafgreiðslustöð N1 á Djúpavogi: Nýlega sátu formaður heimastjórnar, fulltrúi sveitarstjóra, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs og sveitarstjóri fund með forsvarsaðilum N1 þar sem N1 lýsti yfir áhuga á að setja upp nýja afgangslustöð fyrir eldsneyti í útjaðri þorpsins í samræmi við nýtt aðalskipulag sem unnið er að. Fulltrúar N1 lýstu líka yfir vilja til að koma að uppbyggingu á salernisaðstsöðu í samstarfi við Samkaup.

**11. 202010614 - Fundir Heimastjórnar Djúpavogs**

Næsti reglulegi fundur heimastjórnar á Djúpavogi verður haldinn fimmtudaginn 7. desember næstkomandi kl. 10:00. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast starfsmanni heimastjórnar fyrir kl. 15:00 mánudaginn 4. desember á netfangið gauti.johannesson@mulathing.is.



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00**

